

aðir af Stéttarsambandi bænda, tveir fulltrúar af Búnaðarfélagi Íslands og formaður skipaður af landbúnaðarráðherra. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Framleiðsluráði eins og annar kostnaður við framkvæmd þessarar reglugerðar.

## 8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 46. gr. laga nr. 101/1966. Jafnframt geta slík brot varðað missi réttar skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

## 9. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið 22. ágúst 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

## AUGLÝSING

**um tilnefningu Flugleiða h.f. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.**

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningum sem Ísland er aðili að, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Flugleiðir h.f. til að halda uppi áætlunarferðum með farþega, vörur og póst milli Íslands og eftirtalinna landa:

1. Bandaríkja Norður—Ameríku,
2. Danmerkur,
3. Noregs,
4. Svíþjóðar,
5. Bretlands,
6. Luxemburgar,
7. Sambandslýðveldisins Þýskalands,
8. Hollands,
9. Spánar,
10. Thailands.
11. Finnlands.

Þá hefur ráðuneytið í dag enn fremur heimilað sama félagi áætlunarflug með farþega, vörur og póst í millilandaflugi þótt formlegur loftferðasamningur liggi ekki fyrir, enda verði ráðuneytinu jafnan tilkynnt og heimildar þess leitað öðlist félagið leyfi erlends ríkis til slíks flugs.

*Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*